

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið
Stjórnartíðindi
Skuggasundi 3
105 Reykjavík

Tilvísun: 2008060038

AUGLÝSING

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS

um takmörkun á skortsölu hlutabréfa tiltekinna útgefenda

Vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem nú ríkja á markaði og til þess að stuðla að og viðhalda fjármálastöðugleika hefur Fjármálaeftirlitið ákveðið að skilgreina *skortsölu* hlutabréfa tiltekinna útgefenda sem hegðun andstæða viðurkenndri markaðsframkvæmd. Aðili sem hegðar sér andstætt viðurkenndri markaðsframkvæmd kann að vera fundinn sekur um markaðsmisnotkun, skv. 117. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007.

Skilgreiningar:

Með hugtakinu *skortsala* er hér átt við: Þegar aðili selur hlutabréf sem hann hefur ekki rétt til að framselja, samkvæmt hlutaskrá viðkomandi hlutafélags.

Hugtakið *viðskiptavaki* er skilgreint í samræmi við 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007.

ÞAÐ ER ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS að frá og með 7. október 2008 er óheimilt að skortselja hlutabréf eftirfarandi útgefenda, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi, nema seljandi hafi bréfin í sinni vörslu þegar sölutilboð er lagt fram, enda tilkynni viðkomandi án tafar um viðskiptin til Fjármálaeftirlitsins. Tilkynning skal send á [skortsala\[at\]fme.is](mailto:skortsala[at]fme.is). Á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins má finna eyðublað fyrir slíka tilkynningu (<http://www.fme.is/?PageID=632>).

Útgefandi	ISIN númer hlutabréfa
Kaupþing banki hf.	IS0000001469
Landsbanki Íslands hf.	IS0000000156
Glitnir banki hf.	IS0000000131
Straumur Burðarás fjárfestingarbanki hf.	IS0000000644
Exista hf.	IS0000013175
Spron hf.	IS0000010932

Bannið tekur einnig til allra annarra fjármálagerninga sem hafa sama tilgang og sömu efnahagslegu áhættu og skortsala tilgreindra hlutabréfa, s.s. valréttarsamningar, framtíðarsamningar, skiptasamningar, mismunasamningar (e. *contract for difference*) og aðrar afleiður. Þá tekur bannið einnig til skortsölu á öðrum fjármálagerningum þar sem verðmæti þeirra ræðst af verði hlutabréfa tilgreindra útgefenda.

Bann þetta gildir ekki ef um er að ræða samningsskuldbindingar sem stofnað var til fyrir birtingu þessarar ákvörðunar.

Viðskiptavakar eru undanþegnir þessu banni.

Ákvörðun þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 4. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik, eins og henni var breytt með reglugerð nr. 887/2008, öðlast þegar gildi og gildir til 16. janúar 2009, en skal sæta reglulegri endurskoðun Fjármálaeftirlitsins.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

7. október 2008

Guðmundur Jónsson

Rut Gunnarsdóttir